



Reykjavík, 24. júní 2020

Lífeyrissparnaður við árslok 2019

Fjármálaeftirlit Seðlabankans (Fjármálaeftirlitið) hefur birt samantekt úr ársreikningum lífeyrissjóða og sambærilegum gögnum frá vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Á liðnu ári störfuðu 21 lífeyrissjóðir í 25 samtryggingardeildum og af þeim buðu 16 sjóðir upp á séreignarsparnað í 45 deildum. Aðrir innlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar voru eins og áður fimm talsins og buðu upp á sparnað í 30 séreignardeildum. Tveir erlendir vörsluaðilar buðu upp á lífeyrisafurðir sem flokkast sem séreignarsparnaður. Þeir lúta eftirliti heimaríkis síns og því er upplýsingagjöf þeirra ekki með sambærilegum hætti og innlendra vörsluaðila. Tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna batnaði nokkuð milli ára vegna góðrar ávöxtunar.

Eignir lífeyrissparnaðar

Lífeyrissparnaður landsmanna í formi samtryggingar og séreignar lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila nam 5.284 ma.kr við lok ársins og jókst um 17% milli ára. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nemur lífeyrissparnaðurinn 178% sem eins og fyrr er hátt í alþjóðlegum samanburði. Miðað við bráðabirgðatölur OECD voru aðeins Danmörk og Holland með hærra hlutfall eða 219% og 191% við lok árs 2019. Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna námu við árslok 4.459 ma.kr. og jukust um nærri 17% milli ára. Séreignarsparnaður í vörslu sjóðanna nam 510 ma.kr. sem var 20% aukning frá árinu á undan. Séreignarsparnaður í vörslu annarra en lífeyrissjóða nam 314 ma.kr. og jókst um 16%.

Sjóðstreymi

Afborganir og vaxtagreiðslur verða æ fyrirferðarmeiri í sjóðstreymi hjá samtryggingar- og séreignardeildum lífeyrissjóðanna og námu um 304 ma.kr. á liðnu ári. Mismunur innstreymis iðgjalda og útstreymis vegna lífeyris nam nærri 95 ma.kr. Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum (arðgreiðslur) voru einnig stór liður í sjóðstreymi og námu nærri 29 ma.kr. Fjárfestingaþörf sjóðanna á yfirstandandi ári var því um 428 ma.kr. Mismunur iðgjalda og lífeyris mun fara minnkandi á næstu árum vegna aukinnar lífeyrisbyrði eftir því sem fjölmennari kynslóðir, með aukin réttindi, fara á lífeyri. Samkvæmt sjóðstreymi keyptu sjóðirnir skuldabréf fyrir um 390 ma.kr og hlutabréf fyrir um 440 ma.kr.

Ávöxtun

Ávöxtun lífeyrissparnaðar landsmanna á liðnu ári var mun betri en árið 2018 og nam hrein raunávöxtun¹ 11,48% samanborið við 1,95% árið á undan. Ávöxtun samtryggingardeilda og séreignarsparnaðar lífeyrissjóðanna árið 2019 nam annarsvegar 11,97% og hinsvegar 9,97%. Ávöxtun séreignarsparnaðar annarra vörsluaðila nam 4,1% á sama tíma. Ávöxtun lífeyrissparnaðar er langtímasparnaður og því rétt að horfa til áratuga þegar árangur er metinn. Hrein ávöxtun samtryggingardeilda sl. 25 ár hefur verið að meðaltali 4,52%.

¹ Vegin hrein raunávöxtun allra sjóða.




Hrein raunávöxtun	2019	sl. 5 ár	sl. 10 ár
Samtryggingardeildir lífeyrissjóða	11,97%	5,44%	5,18%
Séreignarsparnaður lífeyrissjóða	9,97%	4,68%	4,75%
Séreignarsparnaður annarra vörsluaðila	4,10%	2,46%	2,47%

Alþjóðlega var raunávöxtun² lífeyrissjóða árið 2019 góð og varávöxtun íslenskra sjóða meðal sex efstu landa. Að jafnaði erávöxtun séreignarsparnaðar nokkru lægri en samtryggingardeilda lífeyrissjóða. Því veldur að eignsafn þeirra er að mestu innlán og skuldabréf sem að jafnaði skila lægriávöxtun en aðrar eignir.

Fjárfestingargjöld – beinn og óbeinn kostnaður

Í kjölfar útgáfu reglna nr. 355/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem komu til framkvæmda í ársreikningum árið 2017 hefur Fjármálaeftirlitið unnið að athugunum á birtingu fjárfestingargjalda í skýrsluskilum til eftirlitsins. Gagnagæði og gagnsæi þessara gjalda eru mikilvæg þar sem þar er reynt að varpa ljósi á bæði bein og óbein fjárfestingargjöld af fjárfestingum sem alla jafna birtast ekki í rekstrargjöldum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar. Þar undir falla m.a. gengismunur og árangurstengdar þóknarir sem reiknaðar eru afávöxtun fjárfestinga. Bein og óbein fjárfestingargjöld eru einn stærsti útgjaldaliður lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Gjöldin geta haft neikvæð áhrif áávöxtun og dregið þannig úr uppsöfnun sparnaðar til lengri tíma.



1 Fjárfestingargjöld samanstanda af beinum og óbeinum fjárfestingargjöldum

Mynd 1: Fjárfestingargjöld samanstanda af beinum og óbeinum fjárfestingargjöldum. Miðlína kassaritsins sýnir miðgildi kostnaðarhlutfalls, neðri mörk fyrstu fjórðungsmörk og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörk. Lóðréttu línurnar í kassaritinu sýna lág- og hágildi hlutfalls fjárfestingargjalda af heildareignum.

Á liðnu ári nam hlutfall fjárfestingargjalda af heildareignum að meðaltali (vegið meðaltal) um 0,30% hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóða, 0,26% hjá séreignardeildum lífeyrissjóða en 0,32% hjá öðrum innlendum vörsluaðilum. Kostnaðarhlutföll eru eðli málsins samkvæmt ólík eftir aðilum og deildum samtryggingar og séreignar en að hluta til skýrist sá mismunur af ólíkum fjárfestingarstefnum og afurðum séreignarsparnaðar sem um ræðir. Eins og sjá má á meðfylgjandi kassariti er töluverð dreifing í hlutfalli fjárfestingargjalda af heildareignum.


² OECD Pension funds in figures 2019.



Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda almennra lífeyrissjóða batnaði á síðasta ári. Hún varð jákvæð um 75 ma.kr. í árslok, samanborið við 55 ma.kr. halla árið áður. Afgangurinn um síðustu áramót jafngildir 1,1% af tryggingafræðilegu mati eigna. Sjö af 21 samtryggingardeild almennu lífeyrissjóðanna hafa jákvæða tryggingafræðilega stöðu en fjórtán deildir hafa neikvæða stöðu.

Allar fjórar samtryggingardeildir lífeyrissjóða ríkis og sveitarfélaga með ábyrgð launagreiðenda hafa neikvæða tryggingafræðilega stöðu. Ófjármagnaðar skuldbindingar þeirra nema 806 ma.kr. sem jafngildir 68% halla á tryggingafræðilegri stöðu. Staða deilda með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga var neikvæð um 780 ma.kr. í árslok 2018.



Mynd 2: Tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda með og án ábyrgðar launagreiðenda.